



**Viðtakandi:** Menningar- og íþróttaráð  
**Sendandi:** Skrifstofa útivistarborgarinnar

Reykjavík, 12. desember 2025

MIR25120007

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi gönguskíðabraut á Hólmsheiði á fundi menningar- og íþróttaráðs 12. desember 2025.**

Undanfarið hafa átt sér stað framkvæmdir á Hólmsheiði líklega í tengslum við gerð gönguskíðabrautar. Samhliða hafa borist ábendingar um umfangsmikið jarðrask, lokanir stíga, uppsetningu keðja, staura og skilta, sem og um mögulega grisjun og röskun gróðurs á svæðinu. Um miðjan nóvember var gefið út tímabundið afnotaleyfi til tveggja vikna og er ljóst að einhverjar framkvæmdir hófust þá og jafnvel fyrr. Umfang þeirra virðist vera talsvert umfram það sem gefið var í skyn í kynningu á verkefninu þegar styrkur til þess var veittur.

Í ljósi þessa spyrjum við eftirfarandi:

1. Hver er nákvæm lega og afmörkun gönguskíðabrautarinnar á Hólmsheiði?
2. Á hvaða framkvæmdastigi er verið stöð nú?
3. Liggur fyrir formleg áætlun um framvindu verksins, áfanga og verklok?
4. Lokun stíga og aðgengismál
  - Hver tók ákvörðun um lokanir stíga með keðjum, staurum og skiltum, líkt og gert hefur verið á svæðinu?
  - Á grundvelli hvaða reglna, heimilda eða stjórnvaldsákvarðana voru þær lokanir gerðar?
  - Hver ber ábyrgð á upplýsingagjöf til almennings um lokanir og aðgengi að svæðinu?
5. Hve breið er brautin og þarf að fella tré til að koma henni fyrir?
6. Liggja fyrir sérstakar heimildir fyrir jarðraski, flutningi grjóts, slóðagerð, grisjun eða trjáfellingum á svæðinu?
  - Ef ekki, hver hefur þá farið um svæði á ökutækjum og vinnuvélum utan slóða, rofið jörð, fellt tré og sagað greinar?
7. Hver fer með formlegt eftirlit með framkvæmdunum fyrir hönd borgarinnar?
8. Liggja fyrir upplýsingar um hvort einhver samtök eða fyrirtæki, svo sem Fákur, Skógrækt Reykjavíkur eða Veitur, standi að framkvæmdum og/eða lokunum stíga á því svæði sem afmarkast af Mjódalsvegi til suðurs, Hólmsheiðarvegi til austurs og Reynisvatni til norðurs?



**Reykjavík**



## Svar:

Gönguskíðamennska á höfuðborgarsvæðinu hefur sprungið út og gríðarlegur fjöldi stundar gönguskíði þegar aðstæður eru fyrir hendi. Hólmsheiði hentar mjög vel til gönguskíðamennsku líkt og fyrir aðra útivist á svæðinu. Starfshópur hefur verið settur af stað til að vinna ennfrekar að framgangi útivistar á svæðinu. Hópurinn er skipaður starfsfólki frá MÍR – útilífsborginni og frá USK deild opinna svæða, deild náttúru og gæða og frá skipulaginu.

Talið var mikilvægt í ljósi umferðar, aðgengis og aðstæða að bregðast strax við þessum áhuga og farið var í framkvæmdir til lagfæringar á gönguskíðaleið á svæðinu auk þess sem tekin var ákvörðun að merkja leiðir og afmarka svæðið með hliðum sem sett hafa verið upp þannig að hægt væri að loka fyrir bíla og fjórhólaumferð á þeim svæðum sem gönguskíðabrautir verða lagðar. Þessi afmörkun verður einungis í gildi þegar snjósöfnun er og aðstæður eru til staðar fyrir gönguskíði á svæðinu. Með hliðsjón af mikilli umferð fólks til að fara á gönguskíði er Hólmsheiði einnig heppileg til að beina umferð og þá í leiðinni að létta á Heiðmörk sem getur alls ekki tekið við þessum aukna áhuga fólks á gönguskíðaíþróttinni.

Fyrirspurn til Menningar- og íþróttaráðs Reykjavíkur vegna gerðar gönguskíðabrautar á Hólmsheiði

Undanfarið hafa átt sér stað framkvæmdir á Hólmsheiði líklega í tengslum við gerð gönguskíðabrautar. Samhliða hafa borist ábendingar um umfangsmikið jarðrask, lokanir stíga, uppsetningu keðja, staura og skilta, sem og um mögulega grisjun og röskun gróðurs á svæðinu. Um miðjan nóvember var gefið út tímabundið afnotaleyfi til tveggja vikna og er ljóst að einhverjar framkvæmdir hófust þá og jafnvel fyrr. Umfang þeirra virðist vera talsvert umfram það sem gefið var í skyn í kynningu á verkefninu þegar styrkur til þess var veittur.

*Svar: Ekki er um umfangsmikið jarðrask að ræða. Til að auðvelda snjósöfnun og til að minni snjó þurfi var farið yfir sporið og teknar þúfur og ýtt frá grjóti. Heppilegt hefði verið að gera þetta fyrr svo svörðurinn hefði náð að jafna sig betur en það bíður næsta sumars. Starfsmenn borgarskóga sáu um trjáfellingar og trjáklippingar (starfsmenn sem eru sérmenntaðir í trjáfellingum) og því ekki verið að klippa eða fella tré að óþörfu. Þar sem grjóthreinsa þurfti var það gert með lítilli beltavél til að draga úr skemmdum á gróðri.*

Í ljósi þessa spyrjum við eftirfarandi:

1. Hver er nákvæm lega og afmörkun gönguskíðabrautarinnar á Hólmsheiði?

*Svar: Sjá kort. Lega brautarinnar hefur verið í þróun og metið aðeins eftir snjóalögum hvar hentugast er að leggja hana. Það er hentugast að hafa braut þar sem best safnast snjór og undirlag er slétt þannig að tiltölulega lítinn snjó þurfi til að spora brautina. Lega brautarinnar þarf alls ekki að fylgja núverandi stígum.*



Reykjavík



2. Á hvaða framkvæmdastigi er verið statt nú?

Svar: Eins og fyrr segir er lega brautarinnar í þróun en lagt verður upp með braut sem framkemur á fyrrnefndu korti.

3. Liggur fyrir formleg áætlun um framvindu verksins, áfanga og verklok?

Sjá fyrri svör.

4. Lokun stíga og aðgengismál

- Hver tók ákvörðun um lokanir stíga með keðjum, staurum og skiltum, líkt og gert hefur verið á svæðinu?
- Svar: Lokanir miða að því að loka fyrir bílaumferð inn á stígana en töluverð brögð voru að því að ekið var inn á skíðabrautina og hún stórskemmd. Það er aldrei heimilt að aka farartækjum eftir stígum. Þessi ákvörðun var tekin í samtali starfsmanna USK og MÍR til að geta haldið úti skíðaspori.
- Á grundvelli hvaða reglna, heimilda eða stjórnvaldsákvæðana voru þær lokanir gerðar?

Svar: Eins og fyrr segir þá er óheimilt að aka eftir stígum og að setja upp tálmanir til að koma í veg fyrir ólöglegan akstur krefst ekki stjórnvaldsákvæðunar.

- Hver ber ábyrgð á upplýsingagjöf til almennings um lokanir og aðgengi að svæðinu?

Svar: MÍR og USK

5. Hve breið er brautin og þarf að fella tré til að koma henni fyrir? Til að koma fyrir tvöfaldri braut þarf 3-4 m ?

Svar: Reynt var að þræða brautina inn og með trjálundum þar sem meiri líkur eru á að snjórinns safnist saman. Fella þurfti lítilsháttar af gróðri til að þræða heppilega leið.

6. Liggja fyrir sérstakar heimildir fyrir jarðraski, flutningi grjóts, slóðagerð, grisjun eða trjáfellingum á svæðinu?

*Svar: Leiðin var gengin og valin af starfsmönnum borgarinnar í samstarfi við þann aðila sem samið var við um skíðasporið. Sótt var um afnotaleyfi til borgarinnar. Gróðurinn var fyrst og fremst felldur af starfsmönnum borgarinnar.*

7. Hver fer með formlegt eftirlit með framkvæmdunum fyrir hönd borgarinnar?

*Svar: Eftirlitsdeildin hjá USK gefur út afnotaleyfi en framkvæmdin var unnin í samstarfi við starfsmenn skrifstofu borgarlandsins enda bera þau ábyrgð á rekstri útivistarsvæðisins.*

8. Liggja fyrir upplýsingar um hvort einhver samtök eða fyrirtæki, svo sem Fákur, Skógrækt Reykjavíkur eða Veitur, standi að framkvæmdum og/eða lokunum stíga á því svæði sem afmarkast af Mjódalsvegi til suðurs, Hólmsheiðarvegi til austurs og Reynisvatni til norðurs?

*Svar: Samkomulag liggur fyrir við Fák um þann hluta skíðasporsins sem liggur um hestaslóða. Sjá kort:*

